

II.	kr.
Bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi	5.000
Þjónustubýli	2.500
Sumarbústaðir	1.000

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

3. gr.

Kvörtun vegna álagningar eða innheimtu skal beina til tæknideildar sveitarfélagsins.

4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá um sorphirðu og urðun í Sveitarfélaginu Skagafirði er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar er sett skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingu svo og samþykkt fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Skagafirði og öðlast þegar gildi.

Sauðárkróki, 17. nóvember 1999.

Snorri Björn Sigurðsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um jöfnun námskostnaðar.

1. gr.

Þeir nemendur, sem uppfylla eftirtalin atriði eiga rétt til námsstyrkja til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum vegna búsetu eða efnaleysis:

- Stunda reglubundið framhaldsnám hér á landi, sem ekki er á háskólastigi eða gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi, sem óhjákvæmilega leiðir til vistunar utan lögheimilis og fjarri fjölskyldu nemandans vegna námsins.
- Nýta ekki rétt til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna.
- Geta ekki stundað sambærilegt nám frá lögheimili eða öðrum dvalarstað sem námsstyrkjanefnd metur jafngildan. Sambærilegt nám vísar til námsbrauta en ekki til eðlis né gæða skóla eða einstakra áfanga sem í boði eru á viðkomandi brautum.

Framhaldsskólar í þessu sambandi eru skólar sem falla undir ákvæði laga um framhaldsskóla nr. 80/1996, með áorðnum breytingum.

Námsstyrkjanefnd er heimilt að styrkja annað hliðstætt nám á framhaldsskólastigi.

2. gr.

Námsstyrkjanefnd úthlutar árlega styrkjum til styrkhæfra nemenda einu sinni á ári. Veittir eru þrenns konar styrkir:

- Ferðastyrkir.
- Fæðisstyrkir.
- Húsnæðisstyrkir.

Fjárhæð styrkja fer eftir heildarfjárhæð sem veitt er til jöfnunar á námskostnaði á fjárlögum ár hvert.

Ferðastyrkir eru veittir þeim nemendum, sem verulegan ferðakostnað hafa vegna náms. Þeir nemendur, sem stunda nám tilskilinn lágmarkstíma, fá sem styrk áætlaðan ferðakostnað til þess skóla sem næstur er lögheimili og býður sambærilegt nám. Ferðastyrkur nemur áætluðum kostnaði vegna fjögurra ferða á skólaári (ferð haust og vor, í og úr jólaeyfi) að frádreginni lágmarksfjárhæð sem nefndin ákveður hverju sinni.

Fæðisstyrkir eru veittir þeim nemendum, er verða að dveljast fjarri fjölskyldu sinni á námstíma. Þó er nefndinni heimilt að veita þennan styrk sé lögheimili nemanda í tilskilinni lágmarksfjarlægð frá skóla og hann getur að mati nefndarinnar ekki nýtt almenningssamgöngur milli heimilis og skóla.

Húsnæðisstyrkir eru veittir þeim, er verða að dveljast utan lögheimila sinna, án þess að eiga kost á heimavist með viðunandi kjörum að mati námsstyrkjanefndar.

3. gr.

Nemendur sem eiga lögheimili innan 3 km frá framhaldsskóla með sambærilegt nám, leið skólabifreiða eða almenningsvagna teljast að öðru jöfnu ekki styrkhæfir.

4. gr.

Heimilt er námsstyrkjanefnd að verja hluta af árlegri fjárveitingu með eftirfarandi hætti:

- a. Að veita einstökum nemendum viðbótarstyrki ef efnaleysi torveldar þeim nám.
- b. Heimilt er námsstyrkjanefnd að veita nemendum námsstyrki, þótt þeir fullnægi ekki ákvæðum 2. gr. laga nr. 23/1989 ef efnaleysi er verulegt. Skilyrði er að nefndinni séu látnar í té ítarlegar upplýsingar um efnahag.

5. gr.

Skipuleggi sveitarfélög eða skólar daglegan akstur framhaldsskólanema að og frá skóla eða skólum, þar sem nemendur þyrftu ella að vista sig fjarri lögheimilum sínum við nám, er námsstyrkjanefnd heimilt að endurgreiða hluta kostnaðar, enda hafi nefndin áður samþykkt aksturinn og greiðslu fyrir hann.

Sé akstur styrktur með þessum hætti falla niður beinir styrkir til nemenda sem geta að mati nefndarinnar nýtt sér aksturinn. Það á við um þá nemendur sem eiga lögheimili innan 3 km frá leið skólabifreiðar.

6. gr.

Námsstyrkjanefnd úthlutar styrkjum að jafnaði einu sinni á ári. Auglýst skal eftir umsóknunum með venjulegum hætti á haustönn. Umsóknir um námsstyrki skulu berast á þar til gerðum eyðublöðum sem nefndin lætur gera og lætur liggja frammi í framhaldsskólum.

Í umsókn skal skrá allar þær upplýsingar, sem námsstyrkjanefnd telur nauðsynlegar, m.a. fullt nafn umsækjanda, kennitölu, lögheimili hans, ásamt nafni skóla, námsbraut og dvalarstað á námstíma. Sé lögheimili umsækjanda annað en foreldra hans skulu gefnar viðhlítandi skýringar. Nefndin getur óskað eftir að umræddar skýringar séu staðfestar af viðkomandi yfirvöldum. Rangar upplýsingar umsækjenda geta varðað styrkmissi. Allar umsóknir skulu staðfestar af skólastjóra.

Miða skal við að úthlutun sé lokið fyrir lok febrúarmánaðar vegna liðinnar haustannar og yfirstandandi vorannar.

7. gr.

Athugasemdir við niðurstöðu nefndarinnar skulu vera skriflegar og studdar gögnum eftir eðli máls. Þær skulu berast innan 30 daga frá birtingu á niðurstöðu nefndarinnar í viðkomandi skóla.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 6. gr. laga nr. 23/1989 um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 278/1973 um jöfnun námskostnaðar og reglur nr. 418/1976 um tilnefningu fulltrúa í námsstyrkjanefnd.

Menntamálaráðuneytinu, 4. nóvember 1999.

Björn Bjarnason.

Pórunn J. Hafstein.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Listasafns Háskóla Íslands.

Í tilefni níræðisafmælis síns 10. júní 1999, færir Sverrir Sigurðsson, Bakkavör 28, Seltjarnarnesi, Háskóla Íslands að gjöf tíu milljónir króna, kr. 10.000.000, til stofnunar Styrktarsjóðs Listasafns Háskóla Íslands er starfa skal samkvæmt eftirfarandi skipulagsskrá.

1. gr.

Hlutverk Styrktarsjóðs Listasafns Háskóla Íslands er að efla rannsóknir á íslenski myndlist að fornu og nýju. Í þessu skyni skulu árlega veittir styrkir af ráðstöfunarfé sjóðsins til rannsókna á sviði íslenskrar myndlistar, myndlistarsögu og forvörslu myndverka svo og til birtingar á niðurstöðum slíkra rannsókna, samkvæmt ákvörðun stjórnar Listasafns Háskóla Íslands sem jafnframt er stjórn sjóðsins.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins skal ávaxta á öruggan hátt á hæstu fánlegum vöxtum. Árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins eru raunvextir af stofnfé sjóðsins umfram verðtryggingu, svo og aðrar tekjur og framlög sem sjóðnum kunna að áskotnast. Stofnfé sjóðsins verðtryggt má ekki skerða.

3. gr.

Sjóðstjórnin veitir styrki til faglega hæfra einstaklinga eða stofnana að fengnum umsóknum og undangenginni almennri auglýsingu. Stjórn sjóðsins markar stefnu um útlutun og setur reglur um mat á umsóknum. Stjórnin getur í auglýsingu afmarkað sérstök rannsóknarmarkmið hverju sinni.

4. gr.

Skipulagsskrá Styrktarsjóðs Listasafns Háskóla Íslands skal staðfest af dómsmálaráðuneyti samkvæmt lögum nr. 19/1988. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðast af endurskoðendum Háskóla Íslands kosnum af háskólaráði auk Ríkisendurskoðun.

5. gr.

Stjórn Listasafnsins skal heimilt ef nauðsyn knýr, í samráði við rektor Háskóla Íslands, að breyta skipulagsskrá þessari þannig að sjóðurinn þjóni sem best upphaflegum tilgangi sínum að efla þekkingu á íslenski myndlist.